

Rekstrarstöðvunartrygging vegna véla- og rafeindatækja



Staðlað upplýsingarblað um tryggingu

SKILMÁLI E-47

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **tryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Minum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um tryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt tryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Rekstrarstöðvunartrygging?

Rekstrarstöðvunartrygging er ætluð atvinnurekendum og fyrirtækjum. Hún er viðbót við Véla- og rafeindatækjatrýggingu og bætir rekstartjón sem getur orðið vegna samdráttar í vörusölu og/eda þjónustu í kjölfar bilunartjóns sem bótaskyld er úr véla- og rafeindatækjatrýggingunni.



Hvað bætir tryggingin?

Rekstrarstöðvunartrygging

- ✓ Rekstartjón af völdum biluna á tryggðu tæki.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Rekstrarstöðvunartrygging

- ✗ Aukið rekstartjón vegna verkfalls, verkabanns, vélarbilunar eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Tryggðum er skyld að halda tryggðum hlutum vel við og fylgja leiðbeiningum og notkunarreglum frá seljanda.
- ! Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, allt eftir því sem á við á hverjum stað.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er á tryggingarskírteini.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.